

Aðföng  
Skútuvogi 7  
104 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2023  
UST202209-236/H.I.I.  
07.06.02

## Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfa stofnunarinnar dags. 12.6.2023 og 20.6.2023 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á sæfivörum á markaði sem fyrirtækið Aðföng er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Aðföng setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [hafdisi@ust.is](mailto:hafdisi@ust.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
*sérfræðingur*

Helga Ösp Jónsdóttir  
*sérfræðingur*